

# SEQUENCE NUMBERS · SPILAREGLUR

IS

## SEQUENCE SPIL MEÐ SAMLAGNINGU OG FRÁDRÆTTI SPILAREGLUR

### 2 TIL 6 LEIKMENN

#### FYRIR 7 ÁRA OG ELÐRI

**LEIKMENN:** 2 til 6 leikmenn. 3 leikmenn eða færri geta spilað stakir. Fleiri en 3 leikmenn verða að spila í liðum.

**INNIHALD:** Leikborð, spil, leikpeð, spilareglur. Þegar tveir leikmenn eða tvö lið eru að spila eru notuð einungis tvö sett af leikpeðum. Þriðja settið af leikpeðum er aðeins notað þegar spilað er með þriðja leikmanninum eða þriðja liðinu.

**SEQUENCE:** Sequence, eða röð, samanstendur af heilli línu með 5 leikpeðum í sama lit á leikborðinu, ýmist upp eða niður leikborðið, þvert eða á ská. **ATHUGIÐ:** Leikurinn er spilaður þannig að hlið spilapeðanna með “NUM6ERS” á snýr upp en hrjúfa hliðin niður.

Þegar röð er mynduð þarf að snúa leikpeðunum við svo að „hrjúfa“ hliðin sjáist. Þannig sjá aðrir spilarar að röð hafi verið mynduð og að ekki megi rjúfa hana.

**BÓNUSREITIR:** Reitirnir í hornunum fjórum á leikborðinu eru bónusreitir. Allir leikmenn geta eignað sér þá, líkt og ef þeirra eigið leikpeð væri í horninu. Þegar bónusreitir eru notaðar þarf leikmaður einungis fjögur leikpeð til viðbótar til að búa til röð. Fleiri en einn leikmaður má nota sama bónusreitinn sem hluta af röð.

**MARKMIÐ LEIKSINS:** Fyrir 2-3 leikmenn: Að verða fyrsti leikmaðurinn eða fyrsta liðið til að mynda EINA SEQUENCE. Fyrir 4-6 leikmenn: Að verða fyrsti leikmaðurinn eða fyrsta liðið til að mynda TVÆR SEQUENCE.

**UNDIRBÚNINGUR:** Stillið upp leikborðinu á spilafloð með nægt rými umhverfis það fyrir spilabunkann, leikpeðin og kastbunka fyrir alla leikmenn.

**Fyrir 2 lið:** Leikmenn skipta sér jafnt í tvö lið. Leikmenn skulu sitja þannig að leikmenn í sama liði sitji ekki hlið við hlið umhverfis borðið.

**Fyrir 3 lið:** Leikmenn skipta sér jafnt í þrjú lið. Leikmenn sitja þannig að þriðji hver leikmaður umhverfis borðið tilheyrir sama liði. Sá sem gefur stokkar spilin, gefur hverjum leikmanni sama fjölda spila (sjá að neðan hversu mörg spil). Passið upp á að allir liðsmenn séu að nota leikpeð í sama lit.

**FJÖLDI SPILA FYRIR HVERN LEIKMANN:** Fyrir 2-3 leikmenn: 5 spil hver;

Fyrir 4-6 leikmenn: 4 spil hver.

**GANGUR LEIKSINS:** Byrjað er á leikmanninum til vinstri við þann sem gefur og haldið er áfram réttssælis. Hann/hún velur eitt spil af hendi og setur það með framhliðina upp í kastbunkann sinn (leikmenn ættu að búa til sinn eigin kastbunka fyrir framan þannig að allir leikmenn sjái á hann) og **LEGGUR SIÐAN NIÐUR EITT LEIKPEÐ SITT Á REIT MEÐ TÖLU SEM PASSAR VIÐ SVARIÐ Á STÆRÐFRÆÐIJÖFNUNNI Á SPILINU.** Hverja tölu er að finna tvisvar á leikborðinu. Leikmenn mega leggja niður leikpeð á annan veggja reita sem passar við spilið svo fremi að annað leikpeð sé þar ekki fyrir. Þegar búið er að spila út leikpeði getur mótspilari ekki fjarlæggt það nema með “mínus” spili (sjá að neðan). Að lokum dregur leikmaður eitt nýtt spil úr bunkanum og lýkur með því umferð sinni.

**‘PLÚS’ OG ‘MÍNUS’ SPIL:** Það eru 2 “plús” og 2 “mínus” spil í spilabunkanum. Til að spila úr plús-spili, leggur þú spilið í kastbunkann og setur eitt af þínu leikpeði á einhvern lausan reit á leikborðinu. Til að spila út mínus-spili, leggur þú spilið í kastbunkann og fjarlægir eitt leikpeð andstæðingsins af leikborðinu. Þú hefur þá lokið við að gera. Það má ekki setja eigið leikpeð niður í staðinn í sömu umferð. Það má ekki fjarlægja leikpeð sem er hluti af heilli röð. Þegar heil röð hefur verið mynduð, af leikmanni eða liði, þá má ekki breyta henni á nokkurn hátt.

**Plús + SETTU EITT LEIKPEÐ PITT Á LAUSAN REIT**

**Mínus - FJARLÆGÐU EITT LEIKPEÐ MÖTSPILARA**

**DAUÐ SPIL:** Ef þú ert með spil á hendi, sem enginn laus leikborðsreitir passar við, er það DAUTT SPIL. Þegar þú átt leik skaltu segja hinum leikmönnum að þú sért að skila dauðu spili, setja það í kastbunkann og draga nýtt spil efst úr stokkunum (eitt spil í umferð). Síðan leikur þú þína umferð á venjulegan hátt.

**TAPAD SPIL:** Þegar þú hefur lokið við umferð, og sett leikpeð á leikborðið, verður þú að draga nýtt spil úr bunkanum. Ef þú gleymir að draga nýtt spil, áður en næsti leikmaður leggur niður leikpeð OG dregur nýtt spil, máttu ekki draga nýtt spil í þeirri umferð og verður að halda áfram leiknum með einu spili færra en hinir leikmennirnir – sem er ókostur.

**TALAD VIÐ BORDIÐ:** Hvorki umræður um spilið né leiðbeiningar við leikborðið eru leyfðar. Ef liðsmaður gerir öðrum leikmanni viðvart um það að sá sé að fara að gera eitthvað rangt verða allir leikmenn í því liði að skila einu spili að eigin vali af hendi í kastbunkann og fá ekki annað spil í staðinn.

Þegar bunkinn klárast í spilinu eru öll spilin úr kastbunkunum stökkuð saman og nýr bunki myndaður.

Spilið heldur áfram réttssælis þar til einn leikmaður eða lið myndar SEQUENCE, en það lið/leikmaður vinnur leikinn.

### ‘NUM6ERS’ HLIÐIN



### HRJÚFA HLIÐIN